

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Álftaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	4
2. Um innra mat í leikskólum.....	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Hlíðarhvamms og Seljalands um starfið á síðasta ári.....	5
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Lækjarhvamms um starfið á síðasta ári.....	11
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Merkisteins um starfið á síðasta ári	14
3. Ytra mat	17
4. Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	17
5. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	18
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
6.1 Símenntun frá síðasta ári.....	20
6.2 Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing)	20
6.3 Áætlun um símenntun skólaárið 2018-2019	20
7. Foreldrasamvinna	20
7.1 Í foreldraráði.....	20
7.2 Foreldrasamtöl	21
7.3 Átta foreldrar eru í stjórn foreldrafélagsins	21
7.4 Foreldrafundir	21
8. Samstarf leik- og grunnskóla	21
9. Skipulagsdagar.....	21
10. Fylgigögn.....	21
a. Matsgögn.....	21
b. Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	21

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Leiðarljós leikskólans: „Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Í Álftaborg hefur verið mikill stöðugleiki og mannauður í starfsmannahópnum undanfarin ár. Skólinn var næstum fullmannaður að hausti 2018, fyrir utan að vantaði í tvær sérkennslustöður, fyrir börn sem voru í boðvist hjá okkur. Í skólanum vorum við fyrir með þrjú börn með stuðning. Á haustdögum fengu þrjú önnur börn innan skólans, úthlutuðum tímum í stuðning. Þurfti að leysa það áður en við gátum tekið inn börnin í biðvistuninni. Ekki reyndist þó hægt að fá fólk í þær stöður, þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar.

Leikskólastjóri fer í veikindaleyfi í lok ágúst og tekur þá aðstoðarleikskólastjóri við. Í janúar lét sérkennari af störfum og var ráðið í hans stað. Þetta árið var staða aðstoðarleikskólastjóra fram í janúar að hluta til leyst af fráfaranði aðstoðarleikskólastjóra, sem var þá ennþá í starfi. Frá 1. janúar fram til 1. apríl var engin aðstoðarleikskólastjóri starfandi við leikskólann.

Leikskólastjóri kom aftur í hálf starf 1. apríl.

Aðlögun allra barna gekk vel og var henni lokið í lok ágúst. Verkefni vetrarins voru mörg, meðal annars lífsleikni, fjölmennning, bókaormurinn og K-pals. Í lífsleikninni var unnið markvisst með samkennd, hugrekki, glaðværð og virðingu. Í byrjun hausts tókum við inn verkefni Barnaheilla „Vinátta“ sem er forvarnarverkefni gegn einelti, ætlað leikskólum. Verkefnið eflir vináttu og samkennd. Í fjölmennningunni var unnið með þjóðlönd þeirra barna sem eru innan skólans og var samvinna við foreldra um kynningu hvers lands. Í læsisverkefninu bókaormurinn voru teknar fyrir þrjár bækur ein bók á eldri deildum „Vinabókin“ eftir Jónu Valborgu Arnardóttur, og tvær á yngri deildum, „Skrímsli í myrkrinu“, eftir Áslaugu Jónsdóttur, Kalle Guettler, og Rakel Helmsdal, og „Regnbogafiskurinn“ eftir Marcus Pfister. Bækurnar voru tengdar við Vináttuverkefni Barnaheilla og dygðirnar. Börnin fá bækurnar heim og foreldrar lesa fyrir þau og skrá síðan upplifun og frásögn barnanna í þar til gerða bók. Áfram var unnið með K-pals, en það er ætlað elsta árganginum. K-pals eykur þjálfun hljóðkerfisvitundar og stafabekkingar.

Mikil hefð er fyrir vettvangsferðum í leikskólanum. Börnin kynnast borginni meðal annars í gegnum söfn, garða, vinnustaði foreldra og önnur fyrirtæki/ stofnanir. Unnið er úr ferðunum meðal annars með sögugerð og myndlist. Á haustdögum vann elsti árgangurinn þemaverkefni um Ísland. Kennari og börn unnu saman áætlun fyrir verkefnið. Einnig tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu þar sem þau sungu ásamt fleiri leikskólabörnum lög eftir íslensk kvennaskáld. Yndislegt var að hlusta og horfa á börnin, eitthvað sem enginn vildi missa af. Á þrettándanum var foreldrum boðið í árlegan morgunverð þar sem foreldrar og börn kveðja jólin með okkur. Á hverju hausti er kosið í ráð sem halda utan um og eru ábyrg fyrir árlegum viðburðum skólaársins.

Vel var mætt á opið hús sem var í maí og vöktu verk barnanna mikla athygli. Gaman var að hitta börnin sem byrja hjá okkur í haust og foreldra þeirra.

Í vor útskrifuðum við 25 börn við hátíðlega athöfn, þar sem þau sýndu foreldrum sínum m.a.

frumsamið leikrit og dans. Einnig sungu börnin nokkur lög, og að lokum fengu þau rós, kveðjuskjal og sögu- og verkefnabókina sína. Samstarf við Háaleitisskóla hefur verið gott og eflst ár frá ári. Þann 12. janúar var 50 ára afmæli ÁlfTABORG, við blésum til afmælisveislu og buðum foreldrum, vinum, borgarstjóra og starfsfólki SFS að gleðjast með okkur. Veislan heppnaðist vel og var góð mæting.



2. Um innra mat í leikskólum

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Hlíðarhvamms og Seljalands um starfið á síðasta ári

Tveir elstu árgangarnir voru á Seljalandi og Hlíðarhvammi og unnu deildirnar saman, börnin blönduðust í hópum í hópastarfi, ferðum og fleiru. Í upphafi vetrar voru haldnir lýðræðislegir fundir með börnunum þar sem þau tjáðu sig um hvað þau vildu gera í vetur og einnig hvaða reglur þau vildu hafa á sínum deildum. Hvert og eitt barn tjáði sig og kennari skráði niður hugmyndir þeirra sem unnið var úr. Elstu börnin voru í K-pals, þar sem unnið er í pörum, börnin læra hljóð stafanna og að tengja þau saman. Eftir veturinn eru mörg þeirra orðin læs. Unnið var með pals stærðfræði með elstu börnin, en þar læra þau tölustafi, talnaskilning, stærðir og form. Sama aðferð er notuð við þetta og í K-pals. Okkur finnst þessi aðferð skila miklu í vinnunni með börnunum. Þau eru áhugasöm og spyrja hvenær þessar stundir eru – vilja meira. Þetta skilar sér einnig heim, foreldrar tala um hve áhugasöm börnin eru, þau eru að lesa heima og við teljum að þau séu vel undirbúin fyrir komandi skólagöngu. Leikum og lærum með hljóðin: Í hverri viku lærðu öll börnin á deildunum nýtt hljóð/ bókstaf. Við notuðum smáforrit í iPad, þar sem börnin hlusta og sjá stafinn. Börnin skiptust á að lita og klippa út staf vikunnar og var hann svo hengdur upp í gluggum deildanna. Öll börnin voru áhugasöm um stafina. Á deildunum eru allar hillur og hlutir merktir svo ritmálið sé vel sýnilegt börnunum. Börnin eru áhugasöm að skrifa t.d. nafnið sitt, þau sækja sér t.d. spilakassa og eru að skrifa á blað það sem stendur á kassanum. Lífsleikni: Í vetur unnum við með samkennd og hugrekki fyrir áramót og virðingu og glaðværd eftir áramótin. Þetta tvinnast inn í allt daglegt starf og skilar sér í samskiptum milli barnanna, sem okkur finnst

mesti ávinningurinn. Hver deild á dygðardýr sem fer heim með börnunum í helgarfrí. Með dygðardýrinu fylgir bók þar sem foreldrar skrá upplifun og frásögn barnsins. Við unnum með vinaverkefnið Vinátta frá Barnaheillum í vetur, þar er bangsinn Blær í aðalhlutverki. Það voru sérstakar vinastundir og vinafundir. Þar var rætt um einelti og vináttu. Við skoðuðum myndaspjöld með ýmsum félagslegum aðstæðum þar sem börnin finna lausnir á vandanum t.d. hvernig geta hin börnin hjálpað þeim sem líður illa/ er verið að stríða o.fl. Þau læra að hjálpa hvert öðru og þeim sem líður illa/ verið er að stríða, að vera ekki þegjandi áhorfandi heldur að grípa inn í eða sækja hjálp. Börnin öðlast öryggi í að tjá sig í hópnum. Blær er alltaf með í þessum stundum og við vinnum einnig með snertingu, börnin nudda hvert annað meðan kennarinn les sérstakar nuddsögur.

Sögubók: Frá október til mars unnum við með Vinabókina eftir Jónu Valborgu Árnadóttur. Börnin skiptust á að fara heim með bókina þar sem hún var lesin og skráð var í meðfylgjandi bók það sem börnin sögðu um söguna. Unnið var upp úr sögunni á ýmsan hátt: myndlist, vísindi, stærðfræði, umræður og síðast en ekki síst, vinátta. Þessi vinna tengir heimilið við leikskólann, foreldrar eru áhugasamir um þetta. Börnin skiptast á að koma með bók í leikskólann. Þegar Bókabarnsmiðinn er settur á hólfið þá fær barnið að koma með bók daginn eftir. Borgarbókasafn Kringlunnar: Við förum reglulega í sögustund til Rutar í Borgarbókasafninu. Þar læra börnin að umgangast bækurnar og bera virðingu fyrir þeim. Sögugrunnur: börnin unnu í hópum, völdu sér myndir og sögðu sögu sem kennarinn skráði. Börnin þjálfast vel í að tjá sig í hópnum, koma hugsunum í orð og setningar.

Íþróttir: Vikulegir íþróttatímar í stórum íþróttasal hjá Fram. Þetta eru skipulagðar íþróttastundir og í lok vetrar tók íþróttakennari leikskólans hreyfiproskapróf af börnunum og fylgdist hún með og skráði niður getu barnanna yfir veturinn. Samstarf við grunnskóla: Mikið og gott samstarf er við grunnskóla hverfisins. Elstu börn leikskólans heimsækja skólann mörgum sinnum yfir veturinn t.d. tekur aðstoðarskólástjórinn tvisvar sinnum á móti okkur og sýnir okkur skólann, börnunum er boðið í hádegismat, þau fara í val tíma með 1. bekk, íþróttatíma með 1. bekk og unglingastigi, aðventuhátíð og Háaleitisleika ásamt því að við leikum með þeim í frímínútum. Skólabörnin heimsækja okkur líka: Við skiptumst á jólakortum og syngjum saman, þau koma og leika með okkur og við bjóðum þeim í mat. Við teljum að allt þetta hjálpi til þegar barnið hefur grunnskólagöngu að hausti – þau er orðin öruggari með sig, þekkja kennarana og skólaumhverfið. Frístundaheimilið Álfabær: Börnin fara reglulega í Álfabæ þar sem þau leika sér frjálts. Þetta er liður í því að kynna frístundaheimilið fyrir þeim sem auðveldar þeim svo þegar þau byrja í grunnskólanum. Þau kynnast einnig einhverju af starfsfólkinu. Barnamenningarhátíð: Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni og var það mikil og skemmtileg vinna. Sungin voru lög sem við kunnum ekki áður og fór fram mikil vinna við að útskýra orð og texta. Við lásum sögur sem tengdust lögunum og unnum með þau á fleiri hátt t.d. í þemavinnu með köngulær – því börnin lærðu tvö lög um köngulær og fengu mikinn áhuga og vildu læra meira um þær. Einnig lásum við bókina Píla Pína og þau fræddust um mýs. Vettvangsferðir: Báðir árgangar fóru í margar vettvangsferðir. Þær förum við í til þess að víkka sjóndeildarhring barnanna, þau læra á umhverfið og sjá ýmsa vinnustaði. Þau læra umferðarreglur og að fara eftir þeim.

Einnig þurfa þau að halda hópinn. Eftir ferðirnar setjumst við saman í hópum og þau segja frá upplifun sinni, kennarinn skráir það niður og frásögnum þeirra er safnað saman í bók. Að hausti förum við saman í gönguferð að heimilum barnanna svo þau sjái hvar hin börnin eiga heima. Við tökum mynd af barninu fyrir utan heimilið sitt og það segir svo kennaranum frá fjölskyldunni og heimilinu sem skráir það svo niður. Myndlist: Börnin kynntust ýmsum aðferðum í myndlist og nutu sín vel við að skapa ýmislegt þar sem áherslan er á ferlið en ekki á afurðina. Að hausti unnu þau verkefni í tengslum við Ísland - þau gerðu eldfjöll og dýr o.fl. Jóga: Börnin fóru í hópum í krakkajóga, sýnlegur árangur var í þessum stundum í hegðun barnanna, þau lærðu að vera róleg og einbeita sér í þessum stundum og nutu þeirra vel. Vísindi: Ýmsar tilraunir voru gerðar með ýmsum efnivið s.s. hveiti, sápa, matarsóti, matarlitur, edik o.fl. Börnin læra mikið af því að gera tilraunir og sjá hvað gerist. Stóra val: Á föstudögum er stóra val, en þá blandast börnin á deildunum á svæði og leika sér saman. Þetta er liður í því að þau kynnist öðrum börnum leikskólans. Íslenskukennsla fyrir tvítyngd börn: Á eldri deildunum fá tvítyngd börn daglega íslenskukennslu. Lýðræði: Mikið er unnið með lýðræði á deildunum. Haldnir eru fundir um ýmis mál þar sem börnin fá öll að tjá sig, kosið er um mál og atkvæði talin og komist er að samkomulagi. Útinám: Á haustönninni var markvisst útinám þar sem börnin fóru í hópum út af skólalóðinni og unnu ýmiss verkefni þar. Börnin ljómuðu og nutu sín vel í þessum stundum. Frjáls leikur: Alla daga er frjáls leikur hjá börnunum, bæði úti og inni. Það er kennari á svæðunum og hann fylgist með, grípur inn og leiðbeinir eftir þörfum. Við teljum okkur vinna faglegt og gott starf með börnunum þar sem þeirra vellíðan og þroski er í fyrirrúmi. Við erum sveigjanleg með skipulagið eins og nauðsynlegt er í leiksólastarfi og við erum í miklu og góðu samstarfi/ samskiptum við foreldra barnanna.

Helstu styrkleikar síðasta skólaárs eru m.a. K-pals áhugi barna sem og foreldra og þátttaka var mikil og eru mörg barnanna læs eftir veturinn. Góður tími er gefinn daglega fyrir frjálsan leik. Úthald þeirra, einbeiting og samskipti þeirra á milli urðu meiri og betri. Mikill áhugi og ánægja er með vináttuverkefnið Blær sem við tókum inn síðasta haust. Börnin eru færari í að leysa ágreining og sýna meir samkennd. Að lokum má nefna íslenskukennslu tvítyngdra barna. Unnið hefur verið markvisst með börnin sem gerir þau m.a. félagslega sterkari og eykur skilning og tjáningu þeirra. Það sem betur mátti fara var m.a. útikennsla, jóga og vinna með Sögubókina.

Seljaland

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Leita leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa	Börnin fara í samverustundir þar sem unnið er markvíst með málörvun. Þau	Samskipta listi Tras og Hljóm	2018- 2019	Aðalbjörg	Maí 2019	Að öll börn geti tjáð sig..

færni í íslensku til að tjá sig.	fara í málörvunar stundir til sérkennslustjóra allt starfsfólk deildarinnar er meðvitað um að tala daglega við börnin.					
Taka upp markvissar skráningar á námi barna.	Gera starfið okkar sýnilegra fyrir foreldra. Fylgjast með þroska og áhugasviði barnanna. Finna styrkleika hvers barns.	Markvissar skráningar fara þegar fram. Mikið er tekið af myndum af daglegu starfi og þær settar á lokaða facebooksíðu deildarinnar sem foreldrar hafa aðgang að. Börn segja frá sínum reynslum úr ferðum sem er skráð niður og safnað saman í bók ásamt verkefnum þeirra þar sem er hægt að sjá árangur og þróun í fínhyrningum. Í hópastarfi er unnið markvíst með fín og gróf hreyfingar, hlustun og skilning, stærðfræði, læsi, tjáningu ásamt fleiru. Verkefnum er safnað saman í bók sem börnin fara með heim á vorin. Helgar dýrið fer heim þar sem foreldri skráir upplifun barnsins. Unnið er með bók, 2	Alltaf í gangi	Allir starfsmenn	Maí 2019	Foreldrar sýni starfinu áhuga og spyrji. Að áhugasvið barnanna komi í ljós Starfsmenn hafi öðlast meiri þekkingu á hvernig börn læra.

		bækur yfir veturinn, farið er heim með bækurnar og foreldrar skrifa upplifun þeirra. Börnin koma með hlut að heiman, sem þau sýna börnunum og segja frá, börnin mega síðan spyrja spurninga. Tekin er mynd og sett inn á heimsíðuna.				
Meiri áhersla verði lögð á ferlið frekar en afurðina í listsköpun.	Að börnin leggi meiri vinnu í hugmyndaferlið og njóti þess að skapa.	Gefa meiri tíma í listsköpun, leggja meiri áherslu á upplifun og þau njóti stundarinnar.	Maí 2017- maí 2019	Núra	Maí 2019	Að börnin hafi tileinkað sér mismunandi aðferðir til listsköpunnar .
Samræma viðbrögð við krefjandi hegðun barna.	Gera starfsmenn meðvitaðari og upplýstari um mismunandi hegðun barna	Að það sitji kennari hjá þeim börnum sem eiga erfitt með hegðun í samverustund. Ef sama barn er með síendurtekna truflandi hegðun, þarf að taka upp AHA skráningu, greina vandann og skipuleggja útfrá því. Ef hætta er á að barn skaði aðra eða sjálfa sig með hegðun sinni að taka þau úr aðstæðum.	Apríl 2017- maí 2019	Hulda, Núra og Anna	Maí 2019. Skráningar.	Að starfsmenn hafi meiri þekkingu og skilning á ólíkri hegðun barna .

Hlíðarhvammur

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að börnin hafi áhrif á starfið.	Að rödd barnanna heyrir og þeirra áhugasvið endurspeglar í starfinu.	Auka umræður um starfið með börnunum og virða hugmyndir þeirra.	Haust, 2018	Natalia, Guðbjörg og Sunna.	Vor, 2019 Fundir hjá starfsmönnu m.	Að umræður um starfið með börnum hafi aukist og hugmyndir þeirra séu virtar.
Vinna markvisst að málumhver- fi sem stuðlar að málþroska barnanna.	Ljóðagerð.	Gera reglulega ljóð með börnunum. Læra eitt íslenskt ljóð eða þulu á mánuði.	Haust, 2018	Guðbjörg og Sunna.	Vor, 2019 Fundir hjá starfsmönnu m.	Að börnin hafi öðlast aukna færni í málnotkun með hjálp ljóðagerðar og vinnu með þulur.
Að gera efnivið til skapandi starfs aðgengileg an á deildinni.	Að börn fá aukið aðgengi að skapandi efnivið.	Leirgerð, bakstur með börnum og vatnsleikir.	Haust 2018.	Natalía, Sunna og Guðbjörg.	Vor 2019 Fundir hjá starfsmönnu m og börnum.	Að börn fái reynslu í að skapa með fjölbreyttan og ólíkan efnivið, ekki einungis pappír.
Vinna með sköpun og leggja áherslu á hugmyndir og áhuga barnanna.	Að útlit deildarinnar endurspeglar áhugasvið barnanna.	Markviss þemavinna út frá áhugasviði barna, sem tengjast inn í allt daglegt starf.	Haust 2018	Natalía, Sunna og Guðbjörg.	Vor, 2019 Fundir hjá starfsmönnu m og samtöl við börnin.	Börnin séu orðin sjálfstæðari í vinnubrögðum og hugsun.
Auka hrós til barnanna og nota ígrunduð hrós.	Að börn þurfi ekki að leita eftir hrósi.	Hrósar börnunum í aðstæðunum.	Haust 2018	Natalía, Sunna og Guðbjörg.	Fundir hjá starfsmönnu m, samtöl við börnin um hrós og hvernig þau upplifa það.	Að börnin séu farin að hrósa og geti tekið hrósi hvort frá öðru.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lækjarhvamms um starfið á síðasta ári.

Við vorum með fjóra hópa í hópastarfi síðasta vetur (sept.-maí). Börnunum var skipt niður eftir aldri. Við vorum með tvo elstu hópana í hópastarfinu fyrir hádegi ásamt útiveru og yngri hóparnir tveir voru í útiveru fyrir hádegi og í hópastarfi eftir síðdegishressingu. Okkur fannst þetta koma vel út.

Verkefnin í hópastarfinu voru fjölbreytt. M.a. er unnið með lífsleikni, fjölmenningu, vinaverkefni með bangsanum Blæ (Barnaheill), könnunarleik með yngri hópunum, myndlist, jóga, málörvun, æfingar fyrir fín og grófhreyfingar. Íþróttaæfingar fóru fram í sal skólans fyrir yngstu börnin og í Fram-salnum fyrir eldri börnin. Farið var í ferðir á Kringlubókasafnið með eldri hópa. Í Bókaormsverkefninu var unnið með tvær bækur, önnur þeirra heitir sem ein bók er tekin til skoðunar fyrir áramót og önnur eftir áramót og verkefni unnin út frá þeim. „Stjarna vikunnar“ og dygðadýrið okkar Ljúfur api sem fer heim með börnunum. Í vor settu börnin mold og fræ af radísum í fernur sem þau fóru með heim. Í samverustund á morgnana skiptast börnin á að vera veðurfræðingar og þjónar sem sækja matarvagninn með starfsmanni.

Starfið á deildinni síðasta vetur hefur tekið mið af niðurstöðum úr ytra mati. Þeir þættir sem athugasemdir voru gerðar við voru endurskoðaðir og unnið að úrbótum og teljum við að vel hafi tekist til á flestum sviðum.

Starfið er auðvitað alltaf í þróun og við þurfum að bæta þá þætti sem við erum ekki ánægð með t.d. að endurskoða aðgengið að efnivið til listsköpunar, auka lýðræði t.d. val á viðfangsefnum. Útinám og sjálfbærni höfum við mikinn áhuga á að þróa og skoða hvernig við getum gert skráningar á námi barnanna sýnilegri.

Lækjarhvamur

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Bæta aðgengi að skapandi efnivið.	Að efniviður sé sýnilegur, fjölbreyttur og aðgengilegur fyrir börnin.	Við þurfum að endurskoða aðgengið að efniviðnum sem við eigum í listaskálanum. Hafa efniviðinn sýnilegri.	Veturinn 2018- 2019	Allir starfsmenn	Vorið 2019. Skráningar, og samtöl við börnin. Fundir starfsmanna.	Að ýta undir sköpunargleði barnanna og hugmyndaflug.
Börnin fá tækifæri til að hafa	Börnin upplifi að þau hafi áhrif og geti valið það	Hafa oftari val, þ.e. hægt að velja um svæði	Vetur 2018- 2019	Allir starfsmenn.	Vorið 2019. Skráningar.	Aukið lýðræði.

áhrif á skipulagnin gu og viðfangsef ni.	sem þau vilja.	og viðfangsefni. Spyrja börnin hvað þeim finnst skemmtilegt að gera og auka vægi þeirra þátta.			Samtöl við börnin og fundir starfsmanna.	
Meta hvort lýðræði, sjálfbærni, læsi og sköpun endurspegl ist í daglegu starfi	Að efla læsi barna (umhverfi, náttúru, vísindi o.fl.)	Við vinnum að því að auka lýðræði barna, s.s. með aukinni þátttöku í daglegum störfum á deildinni. Val á sönglögum, bókum og leikföngum. Við þurfum að vera duglegri að vinna með sjálfbærni og aðgengi að skapandi efniviði þurfum við að endurskoða. Börnin voru mjög spennt síðasta haust þegar við tókum upp kartöflurnar sem við höfðum sett niður um vorið. Þau höfðu fylgst með þeim vaxa um sumarið og fannst mjög áhugavert að sjá að það kæmu margar litlar undan grösunum. Einnig tóku	Vetur 2018-2019	Allir starfsmenn	Vorið 2019 Safna skráningum, sem farið verður yfir á fundum.	Að þættirnir verði sýnilegir í starfinu.

		þau með heim kryddjurtir. Útinám er einn af þeim þáttum sem við þurfum að efla – og umræðu um sjálfbærni þarf að auka.				
Gera skráningar á námi barna sýnilegar	Skrá niður nám barnanna og virkja starfsmenn	Skráningar á náminu eru ekki sýnilegar. Aftur á móti eru myndir af börnum í leik og starfi sendar á Facebook til foreldra (læst og falin síða) (Verður endurskoðað vegna nýrra persónuvernd arl.)	Vetur 2018-2019.	Allir starfsmenn.	Við höfum opið hús á vorin þar sem afrakstur vetrarvinnu nemenda er höfð til sýnis. Skráð er yfir veturinn hvernig börnunum gengur í leik og starfi og stöðluð eyðublöð útfyllt fyrir foreldraviðtölin sem eru yfirleitt í febrúar/mars. Tveir starfsmenn á deildinni hafa farið á TRAS námskeið og fylla út eyðublöð fyrir hvert barn.	Festa skráningar í sessi á starfi og námi barnanna
Ræða um markvissa hlustun, nota daglegar athafnir til náms og samskipta.	Að starfsfólk sé uppbyggjandi og hvetjandi.	Hafa áherslu og jákvæð samskipti. Gefa góðan tíma fyrir daglegar athafnir. Vera	Vetur 2018-2019	Allir starfsmenn	Vorið 2019 Deildarfundir /umræður.	Skoða hvernig unnið hefur verið með börnin. Hvað hefur breyst. Hafa raddir þeirra heyrst t.d í

Að nýta áhuga barna og þróa verkefni eftir þörfum hvers barns.		meðvituð um að hlusta, gefa börnunum færi á að tjá sig. Grípa það sem börnin hafa áhuga á og vinna með það.				verkefnum sem þau hafa verið að vinna. Hefur verið nægur tími gefin fyrir daglegar athafnir. Hlustar starfsfólkið á börnin.
Skoða hvort allir starfsmenn hafi trú á getu og hæfni allra barna.		Nota deildarfundi til þess að ræða hvað fellst í getu og hæfni barna.				

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Merkisteins um starfið á síðasta ári

Merkisteinn er önnur yngri deild skólans og voru 19 börn þetta skólaár (2017-2018). Við skiptum börnunum í 4 hópa, Gulur og Rauður hópur voru fyrir eldri börnin og Grænn og Blár fyrir yngri börnin. Við unnum með Blæ – vináttuverkefni á vegum Barnaheilla, jóga, könnunarleik, málörvun, fín- og grófhreyfingar, tónlist, lífsleikni, myndlist, liti og tölustafi, Fram-salurinn (hreyfing) og Kringlubókasafn. Börnin völdu bækur af bókasafninu með kennurunum og fengu lánaðar í leikskólann, margar af þeim bókum voru svo lesnar í sögustundum. Kennarar skiptast á að vera með hvern hóp og viðfangsefni, svo kennarar kynnist hverju barni, styrkleika og veikleika þeirra og einnig að börnin njóti styrkleika hvers kennara.

Við höfum verið dugleg að syngja allskyns lög með handahreyfingum svo að öll börnin geti tekið virkan þátt í samverum. Töluvert er um endurtekningar á lögum til þess að börnin læri þau.

Í samverustundum á hverjum morgni í vetur voru valdir tveir þjónar dagsins. Þeir aðstoðuðu við að leggja á borð og bjóða til borðs. Í samverustundum buðu þjónarnir börnunum upp á ávexti og við kenndum þeim kurteisi með því að segja „gjörðu svo vel“ þegar þau réttu ávextina og börnin sem tóku við sögðu „takk fyrir“. Einnig fengu þjónarnir það hlutverk að vera veðurfræðingar en þá kíktu þeir út um gluggann og sögðu okkur hvernig veðrið var og komu með uppástungu um hvernig best væri að klæða sig fyrir útiveruna þann dag. Við nýttum samverustundirnar einnig í framsögn, þar sem börnin voru hvött til þess að koma

fram og segja frá einhverju, dansa, syngja eða það sem þeim datt í hug. Með þessu vorum við að efla sjálfstraust barnanna.

Við vorum einnig dugleg að hvetja þau að æfa sig í að klæða sig sjálf í fataklefanum.

Við settum upp dagskipulag fyrir börnin með boardmaker, með því er það sýnilegt börnunum hvernig skipulagið er yfir daginn. Þau geta þá séð hvað gerist eftir útiveru, eftir mat og þess háttar.

Dygðardýrið okkar á Merkisteini heitir Lukka og tengist lífsleiknikennslunni. Lukka skiptist á að fara heim með börnunum um helgar og fá að fylgast með þeim í því sem þau gera. Foreldrar skrifuðu síðan í meðfylgjandi bók eftir heimsóknina, það sem börnin gerðu með Lukku. Sumir tóku jafnvel myndir af barninu með Lukku og límdu í bókina. Með þessum hætti eflast tengsl heimilis og skóla og gefst foreldrum og barni kostur á að ræða um og upplifa dygðina saman. Á mánudögum lásum við upp úr bókinni í samverustund og fékk barnið þá að standa við hlið kennarans með Lukku í fanginu á meðan. Barnið sýndi svo hinum börnunum myndirnar sínar í bókinni.

Í hverri viku vorum við með „stjörnu vikunnar“. Þá er eitt barn nefnt „stjarna vikunnar“, það barn kemur með myndir að heiman. Myndunum er svo raðað á veggspjald og fyrir neðan hverja mynd er lýsing á myndinni frá barninu. Veggspjaldið er svo hengt upp á hurð deildarinnar svo allir geti séð. Á föstudögum fær svo barnið að koma með eitt leikfang að heiman sem það sýnir hinum börnunum og segir frá.

Þetta skólaár unnum við mikið með tvær sérvaldar bækur. Fyrri bókin var „Skrímsli í myrkrinu“ eftir Áslaugu Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakeli Helmsdal, en með þeirri bók fylgdu dygðirnar samkennd og hugrekki. Seinni bókin var „Regnbogafiskurinn“ eftir Marcus Pfister í þýðingu Valgerðar Benediktsdóttir, dygðirnar sem fylgdu þeirri bók voru glaðværð og virðing. Börnin unnu eitt stórt sameiginlegt verkefni út frá Regnbogafiskinum, þau endursögðu söguna og bjuggu til persónur úr bókinni úr allskonar efniviði.

Í sumarbyrjun gróðursettu börnin sólblómafræ og gulrætur í mjólkurfurnur sem þau komu með að heiman. Þau sáu um að halda plöntunum á lífi með því að vökva þær og fylgjast með þeim vaxa og dafna. Þau fengu svo sínar plöntur heim til að halda verkefninu áfram.

Í byrjun skólaársins fóru kennarar á námskeið barnaheilla um vináttuverkefnið Blæ. Einnig sátu kennarar ráðstefnu á Hilton í febrúar um „Áhrif barna – lýðræðislegir starfshættir í leikskólum.“ Í byrjun næsta skólaárs fórum við í námsferð til Toronto og munum við skoða leikskóla með áherslu á Reggio, tækni, vísindi og skráningar. Við erum mjög spennt fyrir því af því að við viljum auka þekkingu okkar á þessum efnum.

Merkisteinn

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Bæta aðgengi að skapandi efnivið.	Auðvelda börnunum aðgengi á efnivið.	Færa efniviðinn í hæð barna svo það sé sýnilegt og þau geti nálgast hann sjálf.	2017- 2019.	Steinunn.	Vor 2019. Fylgjast með hvort að börnin nýti sér efniviðinn meira.	Að efniviður sé aðgengilegur og í hæð barnanna svo auðveldara sé fyrir þau að ákveða hvað þau vilji gera.
Sjá til þess að börnin hafi áhrif á skipulagðar stundir.	Að hlusta á raddir barnanna.	Börnin eru spurð hvað þau vilji gera og eins eru þau farin að ganga sjálf að verkefnum.	2018- 2019	Ásdís	Fylgjast með hvað er vinsælast að velja og hvort börnin velji eftir vinum eða áhugamálum	Að börnin hafi rödd til að ákveða sjálf hvað þau vilja gera.
Börnin hvött til að deila reynslu, hugmyndu m og tilfinningu m.	Að fá börnin til þess að koma fram og eins að við fylgjum þeirra hugmyndum. Að fá börnin til þess að tjá tilfinningar og að þær séu viðurkenndar.	Æfa framsögn. Fá börnin til að koma upp og segja frá helginni, syngja, segja sögur eða það sem þeim dettur í hug. Kennarar duglegir að ræða við börnin um heima og geima.	2018- 2019.	Gulmira.	Ræða við börnin.	Börnin hafa reglulega fengið tækifæri til þess að koma fram og segja okkur frá, syngja o.s.frv. og fleiri eru farin að taka þátt en gerðu í upphafi. Þau eru stolt og ánægð með að deila reynslu sinni og eins að þora að koma upp. Eins leggja kennarar orð á tilfinningar barnanna.
Skráningar barna sýnilegar	Fylgjast nánar með námi og áhuga barnanna og gera starfið sýnilegra	Vera duglegri að skrifa upp á töflu og hengja upp á veggi það sem börnin segja. Gullkorn og svör við ýmsum spurningum	2018- 2019.	Allir starfsmenn.	Sjá viðbrögð foreldra og barna.	Við erum að hlusta á börnin og spyrja þau út í verkefnin og skrá niður.

		s.s. hárlit, augnlit og hvað þau ætla að verða þegar þau verða stór.				



3. Ytra mat

Ytra mat var gert á vegum Skóla og frístundasviðs á vorönn 2018. Að þessu sinni var um starfsmannakönnun að ræða. Helstu niðurstöður sýndu að mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Starfsánægja, áhugi og vellíðan einkennir svör starfsmanna. Gengið var út frá sex aðalþáttum sem eru, stjórnun, starfsandi, ímynd, vinnuaðstaða, starfsánægja og upplýsingaflæði. Þessir þættir skila nánast fullu hús hjá starfsmönnum og er það ánægjulegt að sjá. Niðurstöður sýna að starfsmenn séu ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum hans. Nokkur ánægja er með upplýsingastreymi en betur má ef duga skal. Starfsfólk þekkir stefnu skólans og er stolt af starfi sínu, sem birtist meðal annars í starfsánægju og góðum starfsanda. Starfsmenn sækja/fá símenntun til að auka fagþekkingu og styrkja sig í starfi. Sérstaklega þarf að vinna að einum þætti en það er vinnuálag starfsmanna. Það var sá þáttur sem kom ekki nægilega vel út. Einnig hefðum við viljað hafa svarprósentu hærri meðal starfsmanna. Við munum halda áfram að vinna vel að lykilþáttunum og gera gott starf enn betra.

4. Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í leikskólanum eru þrjú börn í 1. fötlunarflokki og fjögur börn í 3. fötlunarflokki. Erfiðlega gekk að ráða starfsfólk til þess að sjá um stuðning við sérkennslubörn í vetur en það rættist úr því í kringum áramótin þegar þrír starfsmenn bættust í hópinn. Nú sinna alls 5 starfsmenn sérkennslu auk sérkennslustjóra.

Skimað er fyrir málþroskafrávikum með TRAS sem fyllt er út fyrir öll börn í leikskólanum á sex mánaða fresti. Vakni upp grunur um frávik í málþroska eða framburðar örðugleika er skimað frekar með EFI-2 og íslenska máhljóðamælinum. Sé grunur um önnur frávik er barnið að auki metið út frá AEPS og kallað eftir hjálp sérfræðinga hjá þjónustumiðstöð til frekari greiningar á vandanum ef þurfa þykir.

Skipulagðar málörvunarstundir eru tvisvar á dag á hverri deild þar sem unnið er út frá getu hvers hóps fyrir sig. Leikskólastarf snýst mikið til um málörvun og því er reynt að grípa öll tækifæri sem gefast til málörvunar, svo sem við matarborðið, í fatahengi og í vettvangsferðum og útiveru.

Sérkennslustjóri sér um gerð einstaklingsnámskráa í samvinnu við deildarstjóra, foreldra og stuðningsaðila. Ítarleg námskrá er útbúin út frá AEPS þroskamati og úr henni eru svo þau markmið valin sem unnið er með hverju sinni. Markmiðin eru endurskoðuð á 2ja til 3ja vikna fresti og námskráin á 2ja mánaða fresti.

Ákveðið teymi kemur að hverju sérkennslubarni. Í teyminu eru; sérkennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð, sérkennslustjóri, deildarstjóri og stuðningsaðili ásamt foreldrum barnsins. Á teymisfundum eru málefni barnsins rædd, námskrá, næstu skref og verkaskipting ákveðin.

Sérkennslustjórafundir voru haldnir mánaðarlega á þjónustumiðstöð þar sem sérkennslustjórar gátu fengið ráðgjöf vegna einstakra barna og verkferla. Einnig hafa ráðgjafar og aðrir sérfræðingar frá þjónustumiðstöðinni komið í leikskólann, veitt ráðgjöf ásamt því að vera þátttakendur í teyllum sem stofnuð hafa verið í kringum þau börn sem þurfa mikinn stuðning.

Á leikskólasviði hefur sérkennslustjóri verið í mestum samskiptum við Hönnu Halldóru Leifsdóttur sem ávallt hefur tekið vel í öll þau erindi sem borin hafa verið undir hana.

Deildarstjórar hafa samband við sérkennslustjóra ef grunur vaknar um þroskafrávik og sérkennslustjóri setur sig inn í málið. Ef um lítilvæg frávik er að ræða veitir sérkennslustjóri ráðgjöf og bendir á kennsluefni og aðferðir sem gott er að nota. Sérkennslustjóri veitir stuðningsaðilum ráðgjöf varðandi kennsluaðferðir og námsefni ásamt því að gera þroskamát með þeim og einstaklingsnámskrár.

5. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í vetur voru 21 tví- eða margtyngd börn í skólanum. Hver mánuður er helgaður einu eða tveimur löndum. Þjóðernin innan leikskólans fá markvissa kynningu sem fram fer í daglegu starfi sem og í samveru í sal. Upplýsingatækni er meðal annars notuð í þessari fræðslu. Við hvetjum foreldra til að kynna þjóð sína og menningu og tala sitt móðurmál við barnið. Við leitum allra leiða til að menning og reynsla verði ekki hindrun í samstarfi, heldur fræðandi þáttur í starfinu sem eykur víðsýni okkar. Í vetur fóru tveir kennarar á námskeið í sambandi við fjölmenningu og tvítyngi. Rætur og vængir og Listin að skapa námstækifæri.

Öll börn fá íslenskukennslu í leikskólanum. Unnið hefur verið með tvítyngd börn í hópum í vetur. Unnið eftir kenningum um atferlisþjálfun ef börnin eru með slaka máltöku. Byrjað var á að vinna með starfsheiti og nærumhverfi, síðan líkamann og mat, farartæki og heimili. Þegar börnin eru komin með góðan grunn í því, er farið að leggja inn sagnir, fornöfn og afstæðuhugtök og andheiti. Samstæðuspil eru mikið notuð og áhersla lögð á að kennsla sé í gegnum leik. Í öllum daglegum athöfnum og starfi, er talað við börnin og markvisst unnið með daglegan orðaforða. Starfsmenn sem tala móðurmál foreldra eru í daglegum samskiptum við þá. Í foreldrasamtölum er alltaf hafður túlkur, til þess að fyrirbyggja misskilning og tryggja að upplýsingar komist til skila.

Áður en barn byrjar í leikskólanum koma foreldrar í foreldrasamtal þar sem skipst er á upplýsingum um leikskólann og barnið. Í þessum samtölum er ávallt túlkur til staðar. Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári með túlki, þar er farið í gegnum þroska barnsins, lögð áhersla á að foreldrar tali móðurmálið við börnin og að þau læri íslensku í leikskólanum. Aðlögun er með sama sniði fyrir öll börn. Upplýsingargjöf til foreldra fer fram á íslensku og



ensku. Í leikskólanum eru starfandi kennarar á erlendu bergi brotnir, þeir eru nýttir í foreldrasamstarf ef foreldrar tala sama tungumál.

6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í ár voru ekki starfsþróunarsamtöl með öðru sniði en venjulega. Þar sem leikskólastjóri var í veikindaleyfi frá sept til mars og aðstoðarleikskólastjóri ný tekin við voru ekki nægar forsendur til þess að taka samtölin. Á vordögum var lagður spurningarlisti fyrir starfsmenn á starfsmannafundi. Spurningarnar snérust um líða, samskipti, starfsanda, hvað þarf að bæta, og framtíðarmarkmið (eins og gert hefði verið í starfsþróunarsamtölunum). Niðurstaða þessara spurningalista var að almenn ánægja er í skólanum. Líðan starfsmanna, starfsandi og liðsheildin góð. Starfsmenn upplifa að þeim sé treyst fyrir verkefnum og fá að láta ljós sitt

skína. Mannauðurinn er mikilvægur og fjölbreyttur og upplifa starfsmenn að þeir fái að rækta og nýta í starfi það sem þeir búa yfir.

6.1 Símenntun frá síðasta ári

- Námskeið „Vinnuvernd/öryggistrúnaðarmaður“ tveir kennarar.
- Námskeið „Efling trúnaðarmannanámskeið“ einn kennari.
- Námskeið „Fagmennska leikskólakennara, tækifæri og ógnanir“ þrír kennarar.
- Námskeið „Í topp tilfinningalegu ástandi“ aðstoðarleikskólastjóri.
- Námskeið „Peckes“ sérkennari.
- Námskeið „Atferlisþjálfun“ sérkennari.
- Námskeið „VP – mapp“ sérkennari.
- Námskeið „Tras“ tveir kennarar.
- Námskeið „Íslenski málhljóðamælirinn“ þrír kennarar.
- Námskeið „Skyndihjálp“ allir starfsmenn.
- Námskeið „Trúnaðarmaður“ einn kennari.
- Námskeið „Starfsþróun kennara- forysta og ánægja í skólastarfi“ einn kennari.
- Námskeið „Leið til að takast á við krefjandi einstaklinga“ aðstoðarleikskólastjóri.
- Námskeið „Námstefna um vináttuverkefni Barnaheilla“ fjórir kennarar.
- Námskeið „Heilsufyrirlestur“ allir starfsmenn.
- Námskeið „Núvitund“ tveir starfsmenn.

6.2 Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing)

- Ráðstefna „Við fáum að ráða nema þegar kennararnir fá að ráða“ allir starfsmenn.
- Ráðstefna „Rætur og vængir“ einn kennari.
- Vinnusmiðja „Listin að skapa námstækifæri“ aðstoðarleikskólastjóri.
- Námsferð til Finnlands leikskólastjóri.
- Námsferð „Leikum og lærum“ tveir kennarar.

6.3 Áætlun um símenntun skólaárið 2018-2019

- Námsferð til Toronto í ágúst 2018, sextán kennarar.
- Námskeið í skráningu, allir starfsmenn.
- Námskeið, umhverfismennt og skapandi starf, allir starfsmenn.
- Skyndihjálp, allir starfsmenn.
- Námskeið um mat, stjórnendur/ allir starfsmenn.
- Kynning á reglum barnaverndar, allir starfsmenn.

7. Foreldrasamvinna

7.1 Í foreldraráði eru þrír fulltrúar. Einn fulltrúi hefur setið þrjú ár í ráðinu en tveir í tvö ár. Leikskólastjóri hefur verið í tölvupóstsamskiptum við fulltrúana sem og fundað þegar þörf er

á. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá leikskólans til yfirlstrar og gefur umsögn. Einnig koma þau að ákvarðanatöku um sumarlokun leikskólans og að fagstarfi skólans.

7.2 Foreldrasamtöl er eitt á ári á tímabilinu febrúar /mars(foreldrar velja tíma) þar sem farið er yfir alhliða þroska og líðan barnsins. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtal áður en vistun hefst, án barns. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.

7.3 Átta foreldrar eru í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsmanna. Stjórnin sér um ýmsar upptakur svo sem sumarhátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru 5 til 6 á ári.

7.4 Einn foreldrafundur er fyrir skólaárið. Að þessu sinni er hann haldinn 4. október. Þar er farið yfir vetrarstarfið og foreldrum gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið eða annað sem liggur þeim á hjarta. Deildarstjórar fara svo með sínum foreldrum inn á deild og kynna ennfrekar deildarstarfið.

8. Samstarf leik- og grunnskóla

Góð samvinna er á milli skólastiganna, og hefur hún eflst ár frá ári og er orðin fastur liður í starfi skólans. Endurmat fór fram í janúar og maí 2018. Í janúar ár hvert er haldinn fundur að tilstuðlan leikskólans. Þann fund sitja skólastjórnendur leik- og grunnskóla, forsvarsmenn ÍTR, talsmaður íþróttafélagsins Fram og foreldrar elstu barnanna í leikskólanum. Á þessum fundi gefst foreldrum tækifæri til að afla sér upplýsinga um starfsemi viðkomandi stofnanna. Vel hefur verið látið af þessum fundum, hjá öllum sem koma að honum. Samstarfsáætlun vetrarins milli skólastiganna er gerð að hausti. Áætlað er að byrja með samstarfsverkefni milli skólastiganna um læsi haustið 2018. Upphaflega var áætlað að byrja með verkefnið haustið 2017 en því miður náðist ekki að byrja á því.

9. Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar skólaárið 2018-2019 eru: 23. og 24. ágúst 2018, námsferð til Toronto. Fjórir dagar í samvinnu við Háaleitisskóla eru: 22. nóvember 2018, 16. janúar, 26. apríl og 20. maí, 2019.

10. Fylgigögn

- a. Matsgögn
- b. Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans Anna H Ágústsdóttir leikskólastjóri, Harpa Brynjarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir.	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Stjórnendateymi fundi reglulega og fylgist með hvernig gengur að vinna að áherslum skólans.	Að fylgja enn betur eftir áherslum leikskólans.	Með reglulegum fundum, skráningum og innra mati.	Sept 2018, lokið maí 2019	Stjórnendateymi skólans.	Endurmat í janúar og maí 2019, með skráningum og spurningalistum.	Að sjá áherslur skólans festast enn frekar í sessi.
Að kennarar fái samningsbundinn undirbúningstíma.	Að kennarar fái tíma til að undirbúa starfið.	Afleysing verði föst á deild.	Ágúst 2018 fram í júní 2019.	Stjórnendur skólans.	Rafræn skráning á undirbúningstímum.	Að kennarar nái að skipuleggja starfið jafnt og þétt yfir árið.
Kynna reglur Barnaverndar fyrir starfsmönnum og leiðbeiningarhefti frá barnahúsi.	Að starfsmenn þekki reglur barnaverndar og leiðbeiningahefti barnahúss.	Með kynningu á skipulagsdegi.	Nóvember 2018.	Stjórnendur.	Umræður á deildarfundum yfir veturinn.	Að leiðbeiningar frá barnahúsi og reglur barnaverndar verði markviss hluti af starfinu.

Að deildarfundir verði reglulega.	Að skipuleggja fasta fundartíma.	Notaður verður listi þar sem deildir skrá niður tímasetningar deildarfunda. Í hverjum mánuði verður farið yfir listann og séð hvernig til tókst.	Sept 2018 til maí 2019.	Deildarstjórar.	Endurmatið fer fram mánaðarlega fram í maí 2019.	Með því að hver deild fái ákveðinn dag og deildirnar leysi hvor aðra af.
Markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið.	Rætt á deildarstjórafundum, með matslistum og skráningum..	Umræður og svörun spurningalista á skipulagsdögum.	Nóv 2018 og lýkur maí 2019.	Stjórnendateymi skólans.	Gerð er langtímaáætlun um mat og efni skólanámsskrárinnar metið.	Endurmeta og setja inn í skólanámskrá
Í skólanámsskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf ásamt áætlun fram í tímann.	Stefnt að leiðir og markmið verði skoðuð og skráð.	Á skipulagsdögum ásamt fræðslu, fundum og eftirfylgni.	Nóvember 2018 til maí 2019.	Stjórnendateymi skólans.	Skráningar og spurningalistar.	Að þetta sé orðið hluti af skólanámskrá fyrir áramót 2019.
Foreldrar taki þátt í mati á námi barna sinna.	Að ná til sem flestra foreldra.	Kynna matið fyrir foreldrum.	Feb - mars 2019.	Stjórnendateymi skólans.	Spurningar varðandi: Vináttuverkefni, K- pals, Pals - stærðfræði, lífsleikni, Bókaormurinn.	Að gera foreldra þátttakendur.
Meiri vitundarvakning á umhverfismálum.	Gera starfsmenn og börn meðvitaðri um umhverfisvænan lífsstíl.	Með fræðslu, fundum, skráningum og fá sjónarhorn barnanna.	Sept 2018 lokið maí 2019.	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.	Skráning jafnt og þétt yfir veturinn framkvæmd af starfsmönnum og spurningalisti/ könnun að vori.	Flokkun verði enn meiri, fræðsla til barna og starfsmanna markvissari sem skili góðum árangri.

Starfsþróunarsamtal 2018

 Hvernig er líðan þín í leikskólanum?

 Hvernig finnst þér starfsandinn og samskiptin vera í leikskólanum?

 Hvernig finnst þér samstarfið ganga í leikskólanum og inn á deild?

 Hvað erum við að gera vel(allir starfsmenn)?

 Hvað þurfum við að bæta?

 Færð þú að njóta þín í starfi? Hvernig?

Starfsþróunarsamtal 2018

 Vilt þú breyta einhverju þínum starfsreglum? Hverjum?

 Hvernig finnst þér foreldrasamskiptin ganga?

 Hvað geta stjórnendur gert betur/öðruvísi? Deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri?

 Hver eru markmið þín fyrir næsta vetur?

 Hvað stendur Álfaborg fyrir í þínum huga?

 Annað sem þú vilt koma á framfæri, getur tengst símenntun, óskum ef eru um breytingar, svo eitthvað sé nefnt.

Gangi þér vel

Starfsþróunarsamtal 2018

Starfsþróunarsamtal 2018

HLJÓM-2

Athugun á hljóð-
og málvitund
leikskólabarna

Ingibjörg Símonardóttir
Jóhanna Einarsdóttir
Amalía Björnsdóttir

Nafn:

Kennitala:

Leikskóli:


Prófandi:

	Ár	Mán.	Dagur
Dagsetning			
Fæðingardagur			
Aldur við prófun			

. aldursbil

NIÐURSTÖÐUR

Verkefni	Stig	Mjög slök færni	Slök færni	Meðal færni	Góð færni
1. Rím					
2. Samstöfur					
3. Samsett orð					
4. Hljóðgreining					
5. Margræð orð					
6. Orðhlutaeyðing					
7. Hljóðtenging					
Samtala					



Skráning á málproska ungra barna

Nafn: _____

Kt: _____

Leikskóli: _____

Sveitarfélag _____

Leiðbeiningar um skráningu

Innsti hringurinn sýnir proskaframvindu hjá tveggja til þriggja ára börnum.
Miðhringurinn sýnir proskaframvindu hjá þriggja til fjögurra ára börnum.
Ysti hringurinn sýnir proskaframvindu hjá fjögurra til fimm ára börnum.

Alltaf er byrjað á að fylla út í innsta hringinn óháð aldri barnsins.

Upplýsingar sem skráðar eru byggjast á markvissum athugunum í daglegum samskiptum við við barnið.

Ef færnin er EKKI til staðar við skráningu er ekkert merkt en strikað kringum flötinn.

Ef færnin hefur náðst að hluta til er flöturinn skástrikaður.

Ef færnin hefur náðst er fyllt í flötinn.

Á bakhlið skráningarblaðsins er skráð dagsetning athugunar hverju sinni, aldur barnsins og áætluð úrræði.

Athuganirnar á að endurtaka reglubundið.

Handbókin þarf alltaf að vera til staðar við skráningu. Þar koma fram nánari leiðbeiningar og dæmi.

Ljósritun bönnuð



Jafnréttisáætlun skóla Reykjavíkurborgar.

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans.

Skólastjóriber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun skólaárið 2018-2019

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
að kennslu-og námsgögn mismuni ekki kynjunum	bækur og kennslugögn séu yfirfarin með tilliti til jafnréttis kynjanna	deildarstjórar	lokið vorið 2019
Að börn fái að rækta hæfileika sína og persónuþroska	Að börnin fái hvatningu, mismunandi verkefni og að þeirra rödd heyrist.	deildarstjórar	lokið vorið 2019
Stuðla að góðu samstarfi við alla foreldra	Upplýsa foreldra, hafa enn meira frumkvæði og kynna okkur menningu þeirra	deildarstjórar	lokið vorið 2019

Áætlun um samstarf Álftaborgar og Háaleitisskóla veturinn 2018-2019

Sept 2018		Fundur í Háaleitisskóla með kennurum beggja skólastiga, aðstoðarskólastjóra og leikskólastjóra.
Miðvikudagur 3. okt	Kl. 9:00	Fyrsta heimsókn leikskólabarna af Álftaborg í Háaleitisskóla, Guðni tekur á móti börnunum.
Miðvikudag 10. okt	Kl. 9:05	Íþróttatími með 1. bekk , 9 börn
Föstudag 12. okt	Kl. 9:05	Íþróttatími með 1. bekk, 10 börn
Föstudaginn 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu	Kl. 9:00	17 nemendur í 5. bekk Háaleitisskóla koma og lesa fyrir nemendur Álftaborgar á öllum deildum.leikskólans.
Föstudaginn 7. des.	Kl. 9:15	Aðventuhátíð í Háaleitisskóla. Nemendur Álftaborgar fá heitt kakó og köku
Þriðjudaginn 11. des.	Kl. 9:00	Nemendur hittast á Álftaborg skiptast á jólakortum Börnin syngja saman og fá ávaxtahressingu að lokinni samverustundinni.
Föstudaginn 18. jan.	Kl. 9:00	Fundur með foreldrum elstu barnanna í Álftaborg, með Háaleitisskóla, Fram og ÍTR.
Föstudaginn 22. feb.	Kl. 12:50	Hluti nemenda fer í Háaleitisskóla og tekur þátt í vali með 1. bekk.
Föstudaginn 1. mars	Kl. 12:50	Hluti nemenda fer í Háaleitisskóla og tekur þátt í vali með 1. bekk.
11.-15.mars Hvenær ???	Kl. 10:40- 11:20	Allir nemendur leikskólans fara í íþróttatíma hjá unglingastiginu.
Fimmtudaginn 4. apríl	Kl. 9:30	Heimsókn í Háaleitisskóla. Guðni tekur á móti börnunum.

Þriðjudaginn 9. apríl nemendum leikskólanna boðið í mat (ákv. síðar)	Kl. 11:30	Allir nemendur Álftaborgar í mat í Háaleitisskóla
Hringja í Guðna: út að leika á skólalóðinni 2 – 3 sinnum á önn.	9:50 eða 12:00	Allir nemendur Álftaborgar koma á skólalóð Háaleitisskóla
Miðvikudaginn 8. maí	Kl. 14:00	Endurmat kennara á samstarfinu
Föstudaginn 10. maí	Kl. 10:30- 12:15	Fyrsta bekk er boðið í mat í Álftaborg
Fimmtudagur 16. maí	Kl.14:00	Vorskóli í Háaleitisskóla

Vörður á leið til læsis

Stuðst við vörður í bæklingnum „Lesið í leik læsisstefna leikskóla“

1. Þættir máls og læsis.

Orðaforði og málskilningur

Daglega er lesið fyrir og með börnunum í stórum og/eða minni hópum. Hugað er vel að því að lesa bækur sem henta aldri barnanna og að hafa innihaldið sem fjölbreyttast og að það mismuni ekki kynjum eða hópum. Í samverustund á morgnana er farið yfir dagskipulagið, veðrið (veðurfræðingar), klæðnað ofl. Í hópastarfi erum við að efla fínhyfingar, form, litir, hugtök og fleira.

Máltjáning og frásagnarhæfni

Mikilvægt er að samskipti og þátttaka kennarans í daglegu starfi sé á forsendum barnsins og að virk hlustun sé notuð og barnið sé hvatt til frásagnar og sköpunar. Samræður og samskipti um tilfinningar, líðan og upplifun auka líkur á að barnið geti þróað með sér læsi á eigin tilfinningar og annarra.

Hlustun og hljóðkerfisvitund

Mikilvægt er að lesa, segja sögur, fara með og læra þulur, söngtexta, rím og orðasamsetningar.

Ritmál

Mikilvægt er að hafa hvetjandi, markvisst og sýnilegt ritmálsumhverfi. Þannig fylgjast börnin betur með öðrum og prófa sig áfram. Börnin læra að skilja og átta sig á hvaða tilgangi bókstafir og orð gegna. Hlutir og verk barnanna eru merkt og sýnileg og sögur þeirra skráðar. Þau skrifa stafinn sinn sem og aðra stafi og hafa frjálsan aðgang að þeim verkefnum hvenær sem er.

2. Aðgengi að efnivið og þekkingu

Börnin hafa gott að gengi að bókum og er lögð á að áhersla á að innihald þeirra mismuni ekki kynjum eða hópum. Sögur þeirra eru skráðar og fara börnin heim með bækur og skrá niður með foreldrum sínum atburði, reynslu og upplifun. Frjálst aðgengi er að litum, blöðum, skærum, leir og öðrum efnivið. Foreldrar og börn hafa aðgengi að kofforti frá bókasafni sem er staðsett í leikskólanum og er frjáls aðgangur að því.

3. Barnabókmenntir

Daglega er lesið fyrir og með börnunum í stórum og/eða minni hópum. Loðtöflusögur, sögur án mynda og teiknisögur eru oft í hávegum hafðar. Ýtt er undir ímyndunarafl barnanna, vangaveltur og umræður sem þroska málskilning og hæfileika til að hugsa og eiga samskipti. Lestrarátt, perlað eftir munstri. Loðtöflusögur.

4. Söngur og kveðskapur

Söngstundir eru inn á deildum 2-3 á dag. Börnin læra rím, þulur (myndrænt/loðtafla) ljóð, hringleikir og flókna söngtexta eins og þjóðsönginn. Á föstudögum er samverustund í sal þar er sungið og leikið. Framsögn er í öllu daglegu starfi. Kór Álftaborgar er myndaður af elstu börnum leikskólans.

5. Samstarf við foreldra

Tölvupóstur með fréttum vikunnar er sendur til foreldra á föstudögum. Upplýsingatafla er fyrir framan hverja deild og þar geta foreldrar fylgst með starfi dagsins. Mikið er lagt upp úr góðri foreldrasamvinnu og að leiðbeina foreldrum barna með annað mál en íslensku. Foreldraviðtöl eru eftir áramót þar sem farið er yfir þroskastöðu barnsins. Í fyrsta viðtali er farið yfir daglegt starf og áhersla leikskólans, lífsleiknin kynnt fyrir nýjum foreldrum.

6. Fjölbreytt samstarf

Mikið og gott samstarf er milli grunnskólans, frístundaheimilis og íþróttafélagsins. Við höfum afnot af sal í frístundaheimilinu og sal íþróttafélagsins f.h alla morgna og er það vel nýtt til hreyfingar. Á miðvikudögum er farið með hópa í Kringlubókasafnið og fáum við heimsókn frá sögubílnum Æringja. Við erum í norrænu samstarfi þar sem markmiðið er að gera bókinni herra undir höfði.

7. Börn með annað móðurmál en íslensku

Það er íslenskukennsla ákveðinn tíma á dag fyrir börn með annað mál en íslensku. Foreldrar barnanna eru hvattir til að tala sitt móðurmál við börnin heima, því það er grunnur fyrir máltöku annars máls. Fjölmennning er stór þáttur í okkar leikskólastarfi og eru fjölmenningarvikur í hverjum mánuði þar sem er mikil áhersla lögð á að fræðast um land og þjóð og foreldrar eru virkilega áhugasamir.

8. Áhugi, reynsla, menning og þekking barna

Í leikskólanum dvelja börn frá mörgum heimshornum. Fjölmennning er því í hávegum höfð í leikskólalastarfinu. Lögð er áhersla á að börnin fræðist um ólík þjóðerni, lönd og siði, en fjölmennning felur einnig í sér að vera umburðarlyndur fyrir náunganum og fagna ýmis konar fjölbreytni í samfélaginu. Börnin búa til sérstakar fánabækur og eru áhugasöm um það sem er að gerast í þjóðfélaginu hverju sinni t.d ýmsum íþróttaviðburðum, Eurovision og. fl.


9. Framfarir barna

Proskamat er gert einu sinni ári, en ef þurfa þykir þá er það gert oftar. Hljóm-2 er lagt fyrir elstu börnin og notum við Íslenski þroskalistinn og smábarna listann ef þurfa þykir.

10. Hugmyndir, ítarefni, fræðsluefni og námsgögn

Útivera er nýtt til málörvunar og fræðslu og er mikil áhugi fyrir því. Eitt af því stærsta sem starfið okkar tekur mið af núna er samstarfsverkefni okkar við hin norðurlöndin þar sem þar sem við lesum eina þjóðsögu frá landi og skoðum hana sérstaklega út frá stærðfræði, lífsleikni, vísindum og tækni. Þetta verkefni er læsi í hnotskurn og líkur í apríl 2015.





Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er mjög ánægt með hið metnaðarfulla starf, sem er unnið í leikskólanum Álftaborg. Leikskólinn hefur yfir að ráða góðu og hæfu starfsfólki sem vinnur verk sín vel, sem meðal annars sýnir sig í vellíðan barnanna í leikskólanum.

Starfsáætlun Álftaborgar 2018-2019 er metnaðarfull og nær yfir marga þætti.

Faglegt starf á leikskólanum er gott og hefur til dæmis vinnan með verkefnið

Bókaormurinn verið spennandi og skemmtilegt og styður vel við málþroska barnanna og læsi þeirra.

Í lífsleikni er unnið með dyggðir þar sem tekin eru fyrir hugtök eins og samkennd, hugrekki, glaðværð og virðingu sem hefur góð áhrif á samskipti barnanna og myndar mikilvægan grunn fyrir almenn samskipti. Foreldraráð leggur áherslu á að allir foreldrar fái frekari kynningu á því hvernig unnið er með hugtökin og hvaða gildi er verið að vinna með hverju sinni.

Jafnframt væri hægt að vinna frekar með gildin/hugtökin heimavið. Í lífsleikninni er líka unnið með listsköpun, þar sem ferlið er í brennidepli en ekki endilega lokaafurðin.

Leikskólinn leggur áherslu á lestur og lestrarkennslu, til dæmis með ferðum á bókasöfn, bókakistum fyrir börnin (bækur aðgengilegar öllum börnum), þjálfun starfsfólks í K-PALS, Bókaorminum og með lestri fyrir börnin í samverustundum.

Foreldraráð er mjög ánægt með þessa vinnu.

Varðandi samstarf leikskóla og foreldra tengt læsi: Þá finnst okkur gott að börn fái að koma með sína uppáhalds bók að heiman sem er lesin í samveru. Svo var mjög flott kynning inn á elstu deildinni þar sem K-PALS var kynnt fyrir þeim sem mættu á foreldrafundinn sem var haldinn í október sl.

Mikil ánægja er hjá foreldraráðinu með verkefni Barnaheilla „Vinátta” sem er forvarnarverkefni gegn einelti, sem er unnið með á öllum deildum skólans.

Vinna með lönd mánaðarins víkkar sjóndeildarhring barnanna, gerir þau

meðvituð um heiminn umhverfis okkur og ýtir undir fjölmennningarlegan hugsunarhátt.

Áætlun um símenntun næsta veturs gerir ráð fyrir símenntun alls starfsfólks og er til fyrirmyndar. Mikil og góð áhersla lögð á umhverfismennt og skapandi starfsmat og skráningu á starfi, skyndihjálpi og kynningu á barnavernd og barnahúsi. Sextán kennara leikskólans fóru í

námsferð til Toronto nú í haust að kynna sér starf annarra leikskóla sem vinna í anda Reggio Emilia. Foreldraráðið sér að þessi ferð hefur ekki bara gefið kennurunum tækifæri til að kynnast betur þessari stefnu sem þau geta vonandi nýtt sér í sínu daglega starfi, heldur líka þétt starfsmannahópinn.

Foreldraráðið langar að benda á fyrir starfsárið 2019-2020 væri gaman að sjá námskeið sem búa til tæki og tól fyrir starfsfólk sem sinnir hópastarfi. Til dæmis námskeið þar sem notaðar eru aðferðir tónlistar og leiklistar til að efla hreyfingu og málþroska, námskeið til að efla útikennslu og vísindastarf. Við erum virkilega ánægð að sjá að meiri áhersla verði lögð á ferlið í listsköpun og að starfsmenn vilji hjálpa þeim að læra að njóta í því ferli.

Foreldraráðið telur að úrbætur mætti gera í að útbúa fleiri lokuð rými sem nota skal til kennslu og þjálfunar barna sem búa við fötlun að einhverjum toga. Vissulega tengist þetta jafnframt úrræðum Borgarinnar og Menntasviðs.

Tryggja þarf að vinnuálag starfsmanna sé ekki of mikið og að nægur tími sé til undirbúnings. Foreldraráð veit að lögð er áhersla á að starfsfólk fái sinn tíma en það má alltaf minna á þennan þátt. Þetta eru lykilatriði fyrir vellíðan barna og starfsfólks leikskólans og ekki síst faglegu starfi og því mikilvægt að hugað sé að þessum þáttum og gripið til aðgerða af stjórnendum leikskólasviðs. Foreldraráð leggur áherslu á ánægju sína yfir því að föst afleysing sé inn á deildum til að styrkja þennan þátt á komandi starfsári.

Samskipti heimilis og leikskóla eru mjög góð en mætti auka á nokkrum sviðum.

Til dæmis væri áhugavert ef hægt væri að leyfa foreldrum að staldra við þegar þeir koma með börnin eða vera með í útiveru, án þess að það sé sérstakur foreldradagur. Varðandi foreldrafundi þá er alltaf einn að vori en foreldraráðið hefur stungið upp á við leikskólastjóra að öðrum væri bætt við að hausti, sá fundur yrði jafnframt valkvæður.

Varðandi verkefni þar sem skólinn og heimili vinna saman þá er deildarbangsaverkefnið þar sem bangsar fara með börnunum heim yfir helgi, alltaf jafn skemmtilegt. Í umbótaáætlunni er talað um að þau vilji meiri vitundarvakningu á umhverfismálum og kynntu þau það verkefni fyrir foreldrum á fundinum sem var haldinn nú í október sl. Við fögnum því mjög. Við viljum hrósa leikskólanum sérstaklega fyrir árlegan fund sem þau halda fyrir foreldra barna á elstu deildinni. Þar sem þau fá til sín lykilmál úr Háaleitissskóla og Álfabæ (frístund) og íþróttafélaginu Fram. Á

Þessum fundi fá foreldrar upplýsingar um starf sem unnið er á hverjum stað og tækifæri til að spyrja spurninga.

Upplýsingagjöf til foreldra er almennt góð, hún fer fram í gegnum vikulega pósta þar sem farið er yfir starf vikunnar, tilfallandi póstsendingar og samtöl við starfsmenn, bæði formleg og óformleg.

Foreldraráðið fékk smá kynningu á kerfi sem heitir VALA sem á að taka við því hlutverki sem facebook hefur sinnt gagnvart foreldrum og forráðamönnum. Okkur líst vel á það, en höfum svo sem ekki mikið í höndunum um hvort það muni ná að fylla í skarð facebook. Tíminn leiðir það í ljós. En það er mjög skemmtilegt og gagnlegt að sjá hvað börnin eru að aðhafast yfir daginn og því bindum við vonir við að VALA muni nýtast öllum sem koma að leikskólanum. Því myndirnar og myndböndin skapa jafnframt góðan vettvang fyrir samtöl milli foreldra og barna um daginn og líðan, sem eflir bæði málþroska og tengingu milli skóla og heimilis. Starfsfólk leikskólans er öflugt við að finna spennandi verkefni útivið og fara í vettvangsferðir, sem gaman er að fylgjast með.

Vefsíða leikskólans mætti vera virkari. Foreldraráði langar einnig að benda á að inn á síðuna vantar mikilvægar upplýsingar, til dæmis hverjir sitja í foreldraráði og –félagi sem og að uppfæra upplýsingar um starfsfólk og taka út þá sem sagt hafa

upp störfum. Einnig finnst foreldraráðinu nauðsynlegt að þeir foreldrar sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geti lesið það sem er á heimasíðu skólans, en það er ekki hægt eins og staðan er í dag.

Foreldraráð er virkilega ánægt með mat sem leikskólinn hefur boðið upp á undanfarið en hann kemur frá vörumerkinu Matartíminn. Það er í eigu sölufélags garðyrkjumanna og leggur metnað sinn í að auka hlut íslenskra afurða á borðum skólabarna. Það er góð tilhugsun að börnin okkar eru að fá frábært íslenskt hráefni á diskinn sinn. Vonandi verður hér framhald á.

Að lokum vill foreldraráð þakka fyrir skýra og góða starfs- og umbótaáætlun fyrir komandi vetur.

Með þökkum fyrir líðandi starfsár, bestu kveðjur,

Foreldraráð Álftaborgar haustið 2018

Atli Björn Levy og Ylfa Jónsdóttir.